

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð um þvingunaraðgerðir varðandi Úkraínu, nr. 281/2014.

#### 1. gr.

##### *Þvingunaraðgerðir.*

Eftirfarandi töluliðir skulu bætast við 1. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar, í rétttri númeraröð:

- 7.34 Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2024/577 frá 12. febrúar 2024 um breytingu á ákvörðun 2014/512/SSUÖ um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu, sbr. fylgiskjal 7.34.
- 7.35 Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2024/746 frá 23. febrúar 2024 um breytingu á ákvörðun 2014/512/SSUÖ um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu, sbr. fylgiskjal 7.35.
- 8.26 Reglugerð ráðsins (ESB) 2024/576 frá 12. febrúar 2024 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 833/2014 um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu, sbr. fylgiskjal 8.26.
- 8.27 Reglugerð ráðsins (ESB) 2024/745 frá 23. febrúar 2024 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 833/2014 um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu, sbr. fylgiskjal 8.27.

#### 2. gr.

##### *Gildistaka o.fl.*

Reglugerð þessi, sem er sett með heimild í 6. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða og frystingu fjármuna nr. 68/2023, öðlast þegar gildi.

*Utánríkisráðuneytinu, 7. mars 2024.*

**Bjarni Benediktsson.**

*Martin Eyjólfsson.*

**Fylgiskjal 7.34.****ÁKVÖRÐUN RÁÐSINS (SSUÖ) 2024/577****frá 12. febrúar 2024****um breytingu á ákvörðun 2014/512/SSUÖ um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu**

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um Evrópusambandið, einkum 29. gr.,

með hliðsjón af tillögu frá ædsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Hinn 31. júlí 2014 samþykkti ráðið ákvörðun 2014/512/SSUÖ<sup>(1)</sup>.
- 2) Hinn 24. febrúar 2022 tilkynnti forseti Rússneska sambandsríkisins um hernaðaraðgerð í Úkraínu og rússneski heraflinn hóf tilefnislausa og ólögmeða árás á Úkraínu. Sú hernaðarárás er blygðunarlaust brot á landamærahelgi, fullveldi og sjálfstæði Úkraínu, sem og banninu við valdbeitingu sem bundið er í 4. mgr. 2. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna, sem er ófrávikjanleg regla alþjóðalaga, og á öðrum meginreglum sáttmála Sameinuðu þjóðanna.
- 3) Í ályktun sinni ES-11/1, sem samþykkt var 2. mars 2022, harmaði allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna ákaflega árásir Rússneska sambandsríkisins á Úkraínu sem brjóti gegn 4. mgr. 2. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna. Í ályktun sinni ES-11/4, sem samþykkt var 12. október 2022, fordæmdi allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna, sem veitir athygli yfirlýsingu aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna frá 29. september 2022 þar sem hann minnti á að innlimun yfirráðasvæðis ríkis af hálfu annars ríkis í kjölfar ógnunar eða valdbeitingar er brot á meginreglum sáttmálans og alþjóðalögum, skipulagningu Rússneska sambandsríkisins á ólögmeðum svokölluðum þjóðaratkvæðagreiðslum á svæðum innan alþjóðlega viðurkenndra landamæra Úkraínu og tilraunir þess til ólögmeðrar innlimunar úkraínsku svæðanna Donetsk, Kherson, Luhansk og Zaporizhzhia í kjölfar þessara svokölluðu þjóðaratkvæðagreiðslna.
- 4) Í ályktun sinni A/RES/ES-11/5 frá 15. nóvember 2022 lýsti allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna yfir þungum áhyggjum af manntjóni, tilflutningi borgara, eyðileggingu innviða og náttúruauðlinda, tapi á eignum hins opinbera og einkaeignum og af efnahagslegum hörmungum vegna árása Rússneska sambandsríkisins gegn Úkraínu og viðurkenndi að draga yrði Rússneska sambandsríkið til ábyrgðar fyrir hvers kyns brot á alþjóðalögum í eða gegn Úkraínu, þ.m.t. árásir þess sem eru brot á sáttmála Sameinuðu þjóðanna, auk hvers kyns brota á alþjóðlegum mannréttum og alþjóðlegum mannréttindalögum og að það yrði að taka lagalegum afleiðingum allra ólögmeðra athafna sinna á alþjóðavettvangi, þ.m.t. með skaðabótum og bótum vegna alls tjóns af völdum slíkra athafna.
- 5) Í ályktun sinni A/ES-11/L.7 frá 23. febrúar 2023 kallaði allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna einnig eftir því að þátttakendur í vopnuðu átökunum fylgi að fullu skuldbindingum sínum samkvæmt alþjóðlegum mannréttum og að árásum á mikilvæga innviði Úkraínu og öllum vísvitandi árásum á borgaralegum skotmörk, þ.m.t. húsnæði, skólar og sjúkrahús, verði hætt án tafar.
- 6) Alþjóðadómstóllinn í Haag komst að þeirri niðurstöðu, í bindandi úrskurði sínum frá 16. mars 2022 um ábendingar um bráðabirgðaráðstafanir í málinu varðandi ásakanir um þjóðarmorð samkvæmt sáttmálanum um ráðstafanir gegn og refsingar fyrir hópmorð (*Úkraína gegn Rússneska sambandsríkinu*), (í 60. mgr. úrskurðarins) „að Úkraína eigi trúverðugan rétt á að vera ekki beitt hernaðaraðgerðum af hálfu Rússneska sambandsríkisins“ og (í 74. mgr. úrskurðarins) að brot gegn þeim rétti „geti valdið óbætanlegu tjóni“. Hann bætti við að allar hernaðaraðgerðir, einkum af þeirri stærðargráðu sem Rússneska sambandsríkið framkvæmir á yfirráðasvæði Úkraínu, valdi óhjákvæmilega manntjóni, andlegu og líkamlegu tjóni og tjóni á eignum og umhverfi<sup>(2)</sup>. Alþjóðadómstóllinn fyrirskipaði Rússneska sambandsríkinu að gera hlé á hernaðaraðgerðunum sem það hóf 24. febrúar 2022 á yfirráðasvæði Úkraínu.
- 7) Í ályktunum sínum frá 14. og 15. desember 2023 ítrekaði leiðtogaáráðið einbeitta fordæmingu sína á árásarstríði Rússlands gegn Úkraínu, sem er augljóst brot á sáttmála Sameinuðu þjóðanna, og áréttaði að Sambandið styður enn staðfastlega sjálfstæði, fullveldi og landamærahelgi Úkraínu innan alþjóðlega viðurkenndra landamæra hennar og sjálfgefinn rétt hennar til að verja sig gegn árásum Rússlands.
- 8) Í samræmi við markmið sameiginlegu stefnunnar í utanríkis- og öryggismálum felur sá stuðningur einnig í sér aðstoð við borgara, lönd og svæði sem standa frammi fyrir hamförum eða stóraföllum af mannavöldum s.s. þeim sem árásarstríð Rússlands hefur valdið Úkraínu og borgurum þar í landi.

- 9) Í ljósi alvarleika ástandsins og til að bregðast við árasarstríði Rússlands gegn Úkraínu og svo lengi sem ólögmætar aðgerðir Rússneska sambandsríkisins halda áfram að brjóta gegn ófrávikjanlegum reglum þjóðaréttar, þ.m.t. einkum banninu við valdbeitingu sem er að finna í 4. mgr. 2. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna, eða alþjóðlegum mannúðarrétti þykir rétt að láta allar ráðstafanir sem Sambandið hefur sett á gilda áfram. Einnig þykir rétt að grípa til sérstakra viðbótarneyðarráðstafana sem miða að því að styðja við Úkraínu og endurreisn hennar og uppbyggingu í samræmi við markmið sameiginlegrar stefnu í utanríkis- og öryggismálum, einkum þau að styrkja og styðja við lýðræði, réttarríkið, mannréttindi og meginreglur þjóðaréttar, þ.m.t. alþjóðlegan mannúðarrétt, að varðveita frið, koma í veg fyrir átök og styrkja alþjóðlegt öryggi og vernda óbreytta borgara, ásamt því að aðstoða íbúa þegar þeir standa frammi fyrir hamförum eða stóráföllum af mannavöldum.
- 10) Hinn 28. febrúar 2022 samþykkti ráðið ákvörðun (SSUÖ) 2022/335<sup>(3)</sup> um breytingu á ákvörðun 2014/512/SSUÖ, þar sem kveðið er á um bann við öllum viðskiptum sem tengjast stjórnun varasjóða og eigna Seðlabanka Rússlands, þ.m.t. viðskipti við lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun sem kemur fram fyrir hönd eða starfar eftir fyrirmælum Seðlabanka Rússlands. Hinn 9. mars 2022 samþykkti ráðið ákvörðun (SSUÖ) 2022/395<sup>(4)</sup> sem felur í sér slíkt bann varðandi ríkisauðlegðarsjóð Rússlands. Mælt er fyrir um bannið í 4. mgr. 1. gr. a í ákvörðun 32014/512/SSUÖ, og það endurspeglast einnig í 4. mgr. 5. gr. a í reglugerð ráðsins (ESB) nr. 833/2014<sup>(5)</sup>. Vegna þessara banna eru viðeigandi eignir í vörslu fjármála-stofnana í aðildarríkjunum „kyrrsettar“.
- 11) Eins og áhersla er lögð á í niðurstöðu fundar leiðtogaráðsins frá 26. og 27. október 2023 er þörf á afgerandi framþróun, í samráði við samstarfsaðila, varðandi það hvernig unnt er að beina óreglulegum tekjum í vörslu einkaaðila, sem koma beint frá kyrrsettum eignum Rússlands, þannig að þær styðji við Úkraínu og endurreisn hennar og uppbyggingu, í samræmi við gildandi samningsbundnar skyldur og í samræmi við lög Sambandsins og alþjóðalög. Í niðurstöðu sinni hvatti leiðtogaráðið æðsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum (æðsta fulltrúann) og framkvæmdastjórnina til að hraða vinnunni með það fyrir augum að leggja fram tillögur.
- 12) Að því er varðar samráðið við samstarfsaðila ítrekuðu leiðtogar G7-ríkjanna, í yfirlýsingu sinni frá 6. desember 2023, að þörf væri á afgerandi framþróun til að beina óreglulegum tekjum í vörslu einkaaðila, sem koma beint frá kyrrsettum ríkiseignum Rússlands, þannig að þær styðji við Úkraínu, í samræmi við gildandi samningsbundnar skyldur og í samræmi við gildandi lög.
- 13) Í því samhengi þykir rétt að veita tiltekna nánari útskýringar að því er varðar bannið við öllum viðskiptum sem tengjast stjórnun varasjóða og eigna Seðlabanka Rússlands, ásamt því að innleiða frekari aðgerðir.
- 14) Einkum þykir rétt að skýra að viðskipti varðandi stjórnun efnahagsreikninga sem tengjast eignum og varasjóðum Seðlabanka Rússlands eða sem tengjast eignum og varasjóðum lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar sem kemur fram fyrir hönd eða starfar eftir fyrirmælum, Seðlabanka Rússlands, s.s. ríkisauðlegðarsjóðs Rússlands (e. Russian National Wealth Fund), falla ekki undir gildissvið bannsins við viðskiptum sem gildir frá 28. febrúar 2022. Þau viðskipti varðandi stjórnun efnahagsreikninga sem enn eru heimil tengjast einkum endurfjárfestingu reiðufjárstaðna, sem safnast upp vegna kyrrsetningar arðmiða eða arð- og innlausnar-greiðslna og gjaldfallinna innlána, í samræmi við varfærna fjárfestingarstefnu og gildandi kröfur samkvæmt lögum.
- 15) Önnur viðskipti, einkum beinar eða óbeinar millifærslur til eða í þágu Seðlabanka Rússlands, eða til eða í þágu lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar sem kemur fram fyrir hönd eða starfar eftir fyrirmælum Seðlabanka Rússlands, s.s. ríkisauðlegðarsjóðs Rússlands ættu áfram að vera bönnuð.
- 16) Bannið við öðrum slíkum viðskiptum skapar óvenjulega og óvænta uppsöfnun á reiðufjárstöðum á efnahagsreikningi verðbréfamistöðva í skilningi reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 909/2014<sup>(6)</sup> sem gegna lykilstöðu í uppgjöri og miðlægri vörslu fjármálagerninga í Sambandinu. Uppsöfnunin verður vegna kyrrsetningar eigna og varasjóða Seðlabanka Rússlands, eða lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar sem kemur fram fyrir hönd eða starfar eftir fyrirmælum Seðlabanka Rússlands, s.s. ríkisauðlegðarsjóðs Rússlands, vegna þess að allar greiðslur af höfuðstól og vöxtum, arðmiðum, arðgreiðslum eða öðrum tekjum af verðbréfum til Seðlabanka Rússlands og þessara aðila, rekstrareininga og stofnana eru bannaðar.
- 17) Staða verðbréfamistöðva er sérstök, og frábrugðin stöðu annarra fjármálastofnana þar sem reiðufjárstöður verðbréfamistöðva eða viðskiptavina þeirra eru venjulega yfirfærðar úr verðbréfamistöðvunum fyrir lok dags og skila engri þóknun til viðskiptavinanna. Verðbréfamistöðvar þurfa svo að stýra af varfærni reiðufjárstöðum í vörslu þeirra í tengslum við eignir Seðlabanka Rússlands, eða lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar sem kemur fram fyrir hönd eða starfar eftir fyrirmælum Seðlabanka Rússlands, s.s. ríkisauðlegðarsjóðs Rússlands, sem safnast upp vegna þvingunaraðgerða. Þetta leiðir til óvæntra og óreglulegra tekna.

- 18) Óvæntar og óreglulegar tekjur sem þessi ákvörðun tekur til þurfa ekki að vera gerðar aðgengilegar Seðlabanka Rússlands samkvæmt gildandi reglum, jafnvel eftir að viðskiptabanninu hefur verið aflétt. Þær eru þannig ekki ríkiseignir. Reglurnar sem vernda ríkiseignir gilda því ekki um þessar tekjur.
- 19) Jafnframt geta verðbréfamiðstöðvar ekki vænst þess að hafa af þeim ótilhlýðilegan og ótilætlaðan efnahagslegan ávinning þar eð þessar óvæntu og óreglulegu tekjur verða óhjákvæmilega til við framkvæmd þvingunaraðgerða, einkum bannsins sem mælt er fyrir um í 4. mgr. 1. gr. a í ákvörðun 2014/512/SSUÖ og 4. mgr. 5. gr. a í reglugerð (ESB) nr. 833/2014. Á grundvelli þess lögmæta markmiðs að vinna að markmiðum sameiginlegu utanríkis- og öryggismálastefnunnar, einkum með því að styrkja og styðja við lýðræði, réttarrikið, mannréttindi og meginreglur þjóðaréttar, þ.m.t. alþjóðlegan mannúðarrétt, að varðveita frið, koma í veg fyrir átök og efla alþjóðaöryggi og vernda óbreytta borgara, ásamt því að aðstoða borgara sem standa frammi fyrir hamförum eða stóráföllum af mannavöldum, er því víðeigandi og nauðsynlegt að tryggja að óvæntur og óvenjulegur hagnaður verðbréfamiðstöðva, sem safnast upp á tímabilinu frá gildistöku þessarar ákvörðunar og þar til tímabundnum þvingunaraðgerðum varðandi eignir og varasjóði Seðlabanka Rússlands verður aflétt, komi Úkraínu til góða. Með ráðstöfunum samkvæmt þessari ákvörðun er enn fremur komist hjá því að leggja óhóflega byrði á verðbréfamiðstöðvar. Þar eð þessar ráðstafanir eru réttlætlanlegar og í réttu hlutfalli við þau markmið sem stefnt er að, eru þannig virt að fullu þau grundvallarréttindi og það frelsi sem viðurkennt er í sáttmálanum um grundvallarréttindi, einkum 17. og 52. gr.
- 20) Því þykir rétt að innleiða viðbótarráðstafanir varðandi þessar óvæntu og óreglulegu tekjur og hreinan hagnað, í fullu samræmi við alþjóðalög og lög Sambandsins. Í samræmi við meginregluna um réttarvissu ættu þessar viðbótarráðstafanir að koma til framkvæmda frá og með gildistöku þessarar ákvörðunar. Markmiðið með viðbótarráðstöfununum ætti að endingu að vera að styðja við Úkraínu og endurreisn hennar og uppbyggingu, einkum með sérstökum Úkraínusjóði í framtíðinni sem framkvæmdastjórnin leggur til<sup>(7)</sup>, í samræmi við markmiðin með þeim og ákvörðun 2014/512/SSUÖ, og í samræmi við tilgang þvingunaraðgerðanna og markmið sameiginlegrar stefnu Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum, þ.m.t. einkum markmiðið um að varðveita frið, koma í veg fyrir átök og efla alþjóðlegt öryggi og vernda óbreytta borgara og aðstoða borgara, lönd og svæði sem standa frammi fyrir hamförum eða stóráföllum af mannavöldum, s.s. þeim sem árásarstríð Rússlands hefur valdið Úkraínu og borgurum þar.
- 21) Ekki væri réttlætlanlegt að leggja slíkar viðbótarráðstafanir á verðbréfamiðstöðvar sem hafa í vörslu sinni afar lítið magn eigna og varasjóða Seðlabanka Rússlands, eða lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar sem kemur fram fyrir hönd eða starfar eftir fyrirmælum Seðlabanka Rússlands, s.s. ríkisauðlegðarsjóðs Rússlands. Það myndi skapa óhóflegt rekstrarlegt álag á þessar verðbréfamiðstöðvar þar sem fjárhæðirnar sem hægt væri að innheimta væru afar lágar. Viðbótarráðstafanirnar ættu því eingöngu að gilda um verðbréfamiðstöðvar sem hafa í vörslu sinni slíka varasjóði og eignir að heildarverðmæti yfir einni milljón evra.
- 22) Þessar verðbréfamiðstöðvar ættu að byrja á að halda bókhald yfir og stýra slíkum óreglulegum reiðufjárstöðum, sem safnast upp vegna kyrrsetningar eigna og varasjóða Seðlabanka Rússlands, aðskilið frá annarri starfsemi sinni og þær ættu einnig að aðgreina þær tekjur sem af þeim myndast frá öðrum tekjum.
- 23) Einnig ætti að banna verðbréfamiðstöðvum að ráðstafa hreinum hagnaði sem af þeim leiðir, eins og ákvarðað er í samræmi við landslög, eftir að hafa dregið frá fyrirtækjaskatt samkvæmt almennum reglum í hlutaðeigandi aðildarríki, hvort sem það er með úthlutun í formi arðgreiðslna eða í hvaða formi sem er til hagsbóta fyrir hluthafa eða þriðja aðila. Sérhverri verðbréfamiðstöð er heimilt, þar til ráðið hefur tekið ákvörðunina sem um getur í 24. forsendu og í ljósi þeirrar áhættu og þess kostnaðar sem tengist vörslu eigna og varasjóða Seðlabanka Rússlands, að fara fram á að eftirlitsyfirvald hennar heimili að hluti af þessum hreina hagnaði verði innlestur til þess að geta farið að kröfum um lögbundið eigið fé og áhættustýringu.
- 24) Eftir þetta ætti ráðið að geta ákveðið hvernig beina ætti þessum hreina hagnaði til stuðnings við Úkraínu, endurreisn hennar og uppbyggingu, í samræmi við gildandi samningsbundnar skyldur og í samræmi við lög Sambandsins og alþjóðalög, í samvinnu við samstarfsaðila. Í því samhengi og í ljósi áhættu og kostnaðar sem tengist vörslu eigna og varasjóða Seðlabanka Rússlands ætti ráðið einnig að ákveða upphæð þess hreina hagnaðar sem verðbréfamiðstöðvar ættu að geta haldið eftir til bráðabirgða til þess að uppfylla kröfurnar um lögbóðið eigið fé og áhættustýringu. Í því skyni ætti æðsti fulltrúinn að leggja tímanlega fram tillögu til að fylgja aðgerðum Sambandsins til stuðnings Úkraínu. Við undirbúning þeirrar tillögu er þess vænst að æðsti fulltrúinn hafi samráð við víðeigandi hagsmunaaðila, einkum Seðlabanka Evrópu.
- 25) Frekari aðgerða er þörf af hálfu Sambandsins til þess að hrinda tilteknum aðgerðum í framkvæmd.
- 26) Því ætti að breyta ákvörðun 2014/512/SSUÖ til samræmis við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

*1. gr.*

Eftirfarandi málsgreinar bætast við í 1. gr. a í ákvörðun 2014/512/SSUÖ:

„7. Ákvæði 4. mgr. gilda ekki um viðskipti varðandi stjórnun efnahagsreikninga sem tengjast eignum og varasjóðum Seðlabanka Rússlands eða tengjast eignum og varasjóðum lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar sem kemur fram fyrir hönd eða starfar eftir fyrirmælum Seðlabanka Rússlands, s.s. ríkisauðlegðarsjóðs Rússlands, sem fara fram 28. febrúar 2022 eða síðar.

8. Frá og með 15. febrúar 2024 og á meðan þvingunaraðgerðunum sem settar eru fram í 4. mgr. er viðhaldið skulu verðbréfamiðstöðvar í skilningi reglugerðar (ESB) nr. 909/2014, sem hafa í vörslu sinni eignir og varasjóði er um getur í 4. mgr. þessarar greinar, að heildarverðmæti yfir einni milljón evra, beita eftirfarandi reglum varðandi reiðufjárstöður sem safnast upp eingöngu vegna þvingunaraðgerðanna:

- a) þessar innstæður skulu færðar sérstaklega til bókar,
- b) tekjur sem safnast upp eða myndast vegna reiðufjárstaðanna sem um getur í a-lið frá 15. febrúar 2024 skulu skráðar sérstaklega í reikningsskilum verðbréfamiðstöðva,
- c) hreinum hagnaði sem er ákvarðaður að því er varðar tekjur sem um getur í b-lið í samræmi við landslög, þ.m.t. með því að draga frá öll viðkomandi útgjöld sem tengjast eða leiða af stýringu kyrrsettu eignanna og áhættustýringu í tengslum við þær, og að frádregnum fyrirtækjaskatti samkvæmt almennum reglum hlutaðeigandi aðildarríkis, má ekki ráðstafa með úthlutun í formi arðgreiðslna eða í hvaða formi sem er til hagsbóta fyrir hluthafa eða þriðja aðila fyrir en ráðið ákveður einróma á grundvelli 29. og 30. gr. sáttmálans um Evrópusambandið að koma mögulega á fót fjárframlagi til Sambandsins sem skal aflað með þessum hreina hagnaði til stuðnings Úkraínu, endurreisn hennar og uppbyggingu, ásamt ítarlegu fyrirkomulagi á því, í samræmi við gildandi samningsbundnar skyldur og lög Sambandsins og alþjóðalög. Í því samhengi skal ráðið einnig ákveða þá upphæð sem verðbréfamiðstöðvar geta haldið eftir til bráðabirgða, til viðbótar við að uppfylla kröfur um lögboðið eigið fé og áhættustýringu, án þess að það hafi áhrif á fylgni viðkomandi verðbréfamiðstöðvar við reglurnar sem kveðið er á um í eða samkvæmt lagagæringum Sambandsins, sem gilda um eftirlit með þeim,
- d) þar til ákvörðun ráðsins sem um getur í c-lið hefur verið samþykkt getur sérhver verðbréfamiðstöð farið fram á að eftirlitsyfirvald hennar heimili að hluti þess hreina hagnaðar sem um getur í c-lið verði innleystur til þess að geta farið að kröfum um lögboðið eigið fé og áhættustýringu. Hlutaðeigandi aðildarríki skulu tilkynna framkvæmdastjórninni fyrir fram um sérhverja heimild.“

*2. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Gjört í Brussel 12. febrúar 2024.

*Fyrir hönd ráðsins,*

*forseti.*

H. LAHBIB

(<sup>1</sup>) Ákvörðun ráðsins 2014/512/SSUÖ frá 31. júlí 2014 um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu (Stjtið. ESB L 229, 31.7.2014, bls. 13).

(<sup>2</sup>) Alþjóðadómstóllinn í Haag, ÚRSKURÐUR frá 16. mars 2022 í máli varðandi ásaknir um þjóðarmorð samkvæmt sáttmálanum um ráðstafanir gegn og refsingar fyrir hópmorð (*Úkraína gegn Rússneska sambandsríkinu*), sjá 74. mgr.

(<sup>3</sup>) Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2022/335 frá 28. febrúar 2022 um breytingu á ákvörðun 2014/512/SSUÖ um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu (Stjtið. ESB L 57, 28.2.2022, bls. 4).

(<sup>4</sup>) Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2022/395 frá 9. mars 2022 um breytingu á ákvörðun 2014/512/SSUÖ um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu (Stjtið. ESB L 81, 9.3.2022, bls. 8).

(<sup>5</sup>) Reglugerð ráðsins (ESB) nr. 833/2014 frá 31. júlí 2014 um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu (Stjtið. ESB L 229, 31.7.2014, bls. 1).

(<sup>6</sup>) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 909/2014 frá 23. júlí 2014 um bætt verðbréfauppgjör í Evrópusambandinu og um verðbréfamiðstöðvar og um breytingu á tilskipunum 98/26/EB og 2014/65/ESB og reglugerð (ESB) nr. 236/2012 (Stjtið. ESB L 257, 28.8.2014, bls. 1).

(<sup>7</sup>) Lagasetningarmeðferð 2023/0200/COD: Tillaga að reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins um að koma á fót Úkraínusjóðnum. Upplýsingar um málsmeðferðina eru aðgengilegar á <https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/HIS/?uri=CELEX:52023PC0338>.

**Fylgiskjal 7.35.****ÁKVÖRÐUN RÁÐSINS (SSUÖ) 2024/746****frá 23. febrúar 2024****um breytingu á ákvörðun 2014/512/SSUÖ um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu**

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um Evrópusambandið, einkum 29. gr.,

með hliðsjón af tillögu frá æðsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Hinn 31. júlí 2014 samþykkti ráðið ákvörðun 2014/512/SSUÖ<sup>(1)</sup>.
- 2) Sambandið styður enn staðfastlega fullveldi og landamærahelgi Úkraínu.
- 3) Í ályktunum sínum frá 14. og 15. desember 2023 ítrekaði leiðtoga ráðið einbeitta fordæmingu sína á árásarstríði Rússlands gegn Úkraínu, sem er augljóst brot á sáttmála Sameinuðu þjóðanna, og áréttaði að Sambandið styður enn staðfastlega sjálfstæði, fullveldi og landamærahelgi Úkraínu innan alþjóðlega viðurkenndra landamæra hennar og sjálfgefinn rétt hennar til að verja sig gegn árásum Rússlands. Leiðtoga ráðið lýsti því einnig yfir að veikja verði enn frekar getu Rússlands til að heyja árásarstríð, s.s. með enn frekari eflingu refsiaðgerða og fullri og skilvirkri framkvæmd þeirra og með því að koma í veg fyrir sniðgöngu þeirra, einkum hvað varðar vörur sem mikil áhætta fylgir, í nánu samstarfi við samstarfsaðila og bandamenn.
- 4) Í ljósi þess hversu alvarlegt ástandið er þykir rétt að innleiða frekari þvingunaraðgerðir.
- 5) Einkum telur ráðið rétt að bæta 27 nýjum rekstrareiningum við skrána yfir lögaðila, rekstrareiningar og stofnanir, sem sett er fram í IV. viðauka við ákvörðun 2014/512/SSUÖ, þ.e. skrána yfir aðila, rekstrareiningar og stofnanir sem styðja beint við hergagnaiðnað í Rússlandi í árásarstríði þess gegn Úkraínu, sem eru látar sæta þrengri takmörkunum á útflutningi að því er varðar vörur og tækni með tvíþætt notagildi, sem og vörur og tækni sem kunna að stuðla að tæknilegri eflingu í varnar- og öryggismálum Rússlands. Í ljósi þess lykilhlutverks sem rafeindaíhlutir gegna fyrir hergagnaiðnaðinn í Rússlandi í að styðja við árásarstríðið gegn Úkraínu er auk þess viðeigandi að færa á skrána tiltekna rekstrareiningar í öðrum þriðju löndum en Rússlandi sem, með verslun með slíka íhluti, styðja óbeint við hergagnaiðnað í Rússlandi í árásarstríði þess gegn Úkraínu, sem og tiltekna rússneskar rekstrareiningar sem taka þátt í þróun, framleiðslu og afhendingu rafeindaíhluta til hergagnaiðnaðarinnar í Rússlandi.
- 6) Enn fremur þykir rétt að auka við skrána yfir eftirlitsskylda hluti sem stuðla að hernaðarlegri og tæknilegri eflingu Rússlands eða þróun þess á sviði varnarmála og öryggismála með því að bæta við íhlutum til þróunar og framleiðslu á ómönnum loftförum.
- 7) Enn fremur þykir rétt að leggja frekari útflutningshöft á vörur sem einkum stuðla að því að auka getu Rússlands á sviði iðnaðar.
- 8) Einnig þykir rétt að auka við skrána yfir samstarfslönd sem beita röð þvingunaraðgerða varðandi innflutning á járn og stáli og röð ráðstafana vegna eftirlits með innflutningi sem eru í meginatriðum jafngildar ráðstöfunum sem eru settar fram í ákvörðun 2014/512/SSUÖ og reglugerð ráðsins (ESB) nr. 833/2014<sup>(2)</sup>.
- 9) Frekari aðgerða er þörf af hálfu Sambandsins til þess að hrinda tilteknum aðgerðum í framkvæmd.
- 10) Því ætti að breyta ákvörðun 2014/512/SSUÖ til samræmis við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

*1. gr.*

Ákvörðun 2014/512/SSUÖ er breytt sem hér segir:

- 1) Eftirfarandi málsgrein bætist við í 4. gr. m:  
„Зач Аð því er varðar vörur sem falla undir SN-númer 850410, 850421, 850422, 850423, 850431, 850440, 850450 og 850490 gilda bönnin í 1. og 2. mgr. ekki fyrr en 25. maí 2024 um efndir samninga sem gerðir voru fyrir 24. febrúar 2024 eða fylgisamninga sem nauðsynlegir eru vegna framkvæmdar slíkra samninga.“
- 2) Viðaukunum við ákvörðun 2014/512/SSUÖ er breytt til samræmis við viðaukann við þessa ákvörðun.

## 2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Gjört í Brussel 23. febrúar 2024.

*Fyrir hönd ráðsins,*

*forseti.*

H. LAHBIB

<sup>(1)</sup> Ákvörðun ráðsins 2014/512/SSUÖ frá 31. júlí 2014 um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu (Stjtíð. ESB L 229, 31.7.2014, bls. 13).

<sup>(2)</sup> Reglugerð ráðsins (ESB) nr. 833/2014 frá 31. júlí 2014 um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu (Stjtíð. ESB L 229, 31.7.2014, bls. 1).

## VIÐAUKI

[Viðaukar eru birtir á vef Stjórnartíðinda ESB: <http://data.europa.eu/eli/dec/2024/746/oj>.

Listar yfir aðila, hluti, tækni eða annað viðfang þvingunaraðgerða, eru birtir á vef Stjórnartíðinda Evrópusambandsins. Síðari breytingar og uppfærslur viðaukanna öðlast sjálfkrafa gildi við birtingu á þeim vef, sbr. 3. mgr. 6. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða og frystingu fjármuna nr. 68/2023.

Vefur Stjórnartíðinda Evrópusambandsins er hér: <http://eurlex.europa.eu>.

Heildarlisti yfir aðila sem eru háðir frystingu fjármuna er hér: [https://ec.europa.eu/info/business-economy-euro/banking-and-finance/international-relations/restrictive-measures-sanctions\\_en#list](https://ec.europa.eu/info/business-economy-euro/banking-and-finance/international-relations/restrictive-measures-sanctions_en#list).]

**Fylgiskjal 8.26.****REGLUGERÐ RÁÐSINS (ESB) 2024/576**

**frá 12. febrúar 2024**

**um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 833/2014 um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu**

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 215. gr.,

með hliðsjón af ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2024/577 frá 12. febrúar 2024 um breytingu á ákvörðun 2014/512/SSUÖ um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu<sup>(1)</sup>,

með hliðsjón af sameiginlegri tillögu frá æðsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Hinn 31. júlí 2014 samþykkti ráðið reglugerð (ESB) nr. 833/2014<sup>(2)</sup>, um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu.
- 2) Með reglugerð (ESB) nr. 833/2014 koma til framkvæmda tilteknar aðgerðir sem kveðið er á um í ákvörðun ráðsins 2014/512/SSUÖ<sup>(3)</sup>.
- 3) Hinn 12. febrúar 2024 samþykkti ráðið ákvörðun (SSUÖ) 2024/577 um breytingu á ákvörðun 2014/512/SSUÖ.
- 4) Hinn 24. febrúar 2022 tilkynnti forseti Rússneska sambandsríkisins um hernaðaraðgerð í Úkraínu og rússneski heraflinn hóf tilefnislausu og ólögmeta árás á Úkraínu. Sú hernaðarárás er blygðunarlaust brot á landamærahelgi, fullveldi og sjálfstæði Úkraínu, sem og banninu við valdbeitingu sem bundið er í 4. mgr. 2. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna, sem er ófrávikjanleg regla alþjóðalaga, og á öðrum meginreglum sáttmála Sameinuðu þjóðanna.
- 5) Í ályktun sinni ES-11/1, sem samþykkt var 2. mars 2022, harmaði allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna ákaflega árásir Rússneska sambandsríkisins á Úkraínu sem brjóti gegn 4. mgr. 2. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna. Í ályktun sinni ES-11/4, sem samþykkt var 12. október 2022, fordæmdi allsherjarþing Sameinuðu

Þjóðanna, sem veitir athygli yfirlýsingu aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna frá 29. september 2022 þar sem hann minnti á að innlimun yfirráðasvæðis ríkis af hálfu annars ríkis í kjölfar ógnunar eða valdbeitingar er brot á meginreglum sáttmálans og alþjóðalögum, skipulagningu Rússneska sambandsríkisins á ólögmetum svokölluðum þjóðaratkvæðagreiðslum á svæðum innan alþjóðlega viðurkenndra landamæra Úkraínu og tilraunir þess til ólögmetrar innlimunar úkraínsku svæðanna Donetsk, Kherson, Luhansk og Zaporizhzhia í kjölfar þessara svokölluðu þjóðaratkvæðagreiðslna.

- 6) Í ályktun sinni A/RES/ES-11/5 frá 15. nóvember 2022 lýsti allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna yfir þungum áhyggjum af manntjóni, tilflutningi borgara, eyðileggingu innviða og náttúruauðlinda, tapi á eignum hins opinbera og einkaeignum og af efnahagslegum hörmungum vegna árása Rússneska sambandsríkisins gegn Úkraínu og viðurkenndi að draga yrði Rússneska sambandsríkið til ábyrgðar fyrir hvers kyns brot á alþjóðalögum í eða gegn Úkraínu, þ.m.t. árásir þess sem eru brot á sáttmála Sameinuðu þjóðanna, auk hvers kyns brota á alþjóðlegum mannúðarrétti og alþjóðlegum mannréttindalögum og að það yrði að taka lagalegum afleiðingum allra ólögmetra athafna sinna á alþjóðavettvangi, þ.m.t. með skaðabótum og bótum vegna alls tjóns af völdum slíkra athafna.
- 7) Í ályktun sinni A/ES-11/L.7 frá 23. febrúar 2023 kallaði allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna einnig eftir því að þátttakendur í vopnuðu átökunum fylgi að fullu skuldbindingum sínum samkvæmt alþjóðlegum mannúðarrétti og að árásum á mikilvæga innviði Úkraínu og öllum vísvitandi árásum á borgaraleg skotmörk, þ.m.t. húsnæði, skólar og sjúkrahús, verði hætt án tafar.
- 8) Alþjóðadómstóllinn í Haag komst að þeirri niðurstöðu, í bindandi úrskurði sínum frá 16. mars 2022 um ábendingar um bráðabirgðaráðstafanir í málinu varðandi ásakanir um þjóðarmorð samkvæmt sáttmálanum um ráðstafanir gegn og refsingar fyrir hópamorð (*Úkraína gegn Rússneska sambandsríkinu*), (í 60. mgr. úrskurðarins) „að Úkraína eigi trúverðugan rétt á að vera ekki beitt hernaðaraðgerðum af hálfu Rússneska sambandsríkisins“ og (í 74. mgr. úrskurðarins) að brot gegn þeim rétti „geti valdið óbætanlegu tjóni“. Hann bætti við að allar hernaðaraðgerðir, einkum af þeirri stærðargræðu sem Rússneska sambandsríkið framkvæmir á yfirráðasvæði Úkraínu, valdi óhjákvæmilega manntjóni, andlegu og líkamlegu tjóni og tjóni á eignum og umhverfi<sup>(4)</sup>. Alþjóðadómstóllinn fyrirskipaði Rússneska sambandsríkinu að gera hlé á hernaðaraðgerðunum sem það hóf 24. febrúar 2022 á yfirráðasvæði Úkraínu.
- 9) Í ályktunum sínum frá 14. og 15. desember 2023 ítrekaði leiðtogaáráðið einbeitta fordæmingu sína á árásarstríði Rússlands gegn Úkraínu, sem er augljóst brot á sáttmála Sameinuðu þjóðanna, og áréttaði að Sambandið styður enn staðfastlega sjálfstæði, fullveldi og landamærahelgi Úkraínu innan alþjóðlega viðurkenndra landamæra hennar og sjálfgefinn rétt hennar til að verja sig gegn árásum Rússlands.
- 10) Í samræmi við markmið sameiginlegu stefnunnar í utanríkis- og öryggismálum felur sá stuðningur einnig í sér aðstoð við borgara, lönd og svæði sem standa frammi fyrir hamförum eða stóráföllum af mannavöldum s.s. þeim sem árásarstríð Rússlands hefur valdið Úkraínu og borgurum þar í landi.
- 11) Í ljósi alvarleika ástandsins og til að bregðast við árásarstríði Rússlands gegn Úkraínu og svo lengi sem ólögmetar aðgerðir Rússneska sambandsríkisins halda áfram að brjóta gegn ófrávikjanlegum reglum þjóðaréttar, þ.m.t. einkum banninu við valdbeitingu sem er að finna í 4. mgr. 2. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna, eða alþjóðlegum mannúðarrétti þykir rétt að láta allar ráðstafanir sem Sambandið hefur sett á gilda áfram. Einnig þykir rétt að grípa til sérstakra viðbótarmeðráðstafana sem miða að því að styðja við Úkraínu og endurreisn hennar og uppbyggingu í samræmi við markmið sameiginlegrar stefnu í utanríkis- og öryggismálum, einkum þau að styrkja og styðja við lýðræði, réttarríkið, mannréttindi og meginreglur þjóðaréttar, þ.m.t. alþjóðlegan mannúðarrétt, að varðveita frið, koma í veg fyrir átök og styrkja alþjóðlegt öryggi og vernda óbreytta borgara, ásamt því að aðstoða íbúa þegar þeir standa frammi fyrir hamförum eða stóráföllum af mannavöldum.
- 12) Hinn 28. febrúar 2022 samþykkti ráðið ákvörðun (SSUÖ) 2022/335<sup>(5)</sup> um breytingu á ákvörðun 2014/512/SSUÖ, þar sem kveðið er á um bann við öllum viðskiptum sem tengjast stjórnun varasjóða og eigna Seðlabanka Rússlands, þ.m.t. viðskipti við lögáðila, rekstrareiningu eða stofnun sem kemur fram fyrir hönd eða starfar eftir fyrirmælum Seðlabanka Rússlands. Hinn 9. mars 2022 samþykkti ráðið ákvörðun (SSUÖ) 2022/395<sup>(6)</sup> sem felur í sér slíkt bann varðandi ríkisauðlegðarsjóð Rússlands. Mælt er fyrir um bannið í 4. mgr. 1. gr. a í ákvörðun 2014/512/SSUÖ og það endurspeglast einnig í 4. mgr. 5. gr. a í reglugerð (ESB) nr. 833/2014. Vegna þessara banna eru viðeigandi eignir í vörslu fjármálastofnana í aðildarríkjunum „kyrrsettar“.
- 13) Eins og áhersla er lögð á í niðurstöðu fundar leiðtogaáráðsins frá 26. og 27. október 2023 er þörf á afgerandi framþróun, í samráði við samstarfsaðila, varðandi það hvernig unnt er að beina óreglulegum tekjum í vörslu einkaaðila, sem koma beint frá kyrrsettum eignum Rússlands, þannig að þær styðji við Úkraínu og endurreisn hennar og uppbyggingu, í samræmi við gildandi samningsbundnar skyldur og í samræmi við lög Sam-



- bandsins og alþjóðalög. Í niðurstöðu sinni hvatti leiðtoga ráðið æðsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum (æðsta fulltrúann) og framkvæmdastjórnina til að hraða vinnunni með það fyrir augum að leggja fram tillögur.
- 14) Að því er varðar samráðið við samstarfsaðila ítrekuðu leiðtogar G7-ríkjanna, í yfirlýsingu sinni frá 6. desember 2023, að þörf væri á afgerandi framþróun til að beina óreglulegum tekjum í vörslu einkaaðila, sem koma beint frá kyrrsettum ríkiseignum Rússlands, þannig að þær styðji við Úkraínu, í samræmi við gildandi samningsbundnar skyldur og í samræmi við gildandi lög.
  - 15) Í því samhengi samþykkti ráðið ákvörðun (SSUÖ) 2024/577 um breytingu á ákvörðun 2014/512/SSUÖ til að veita tilteknar nánari útskýringar að því er varðar bannið við öllum viðskiptum sem tengjast stjórnun varasjóða og eigna Seðlabanka Rússlands, ásamt því að innleiða frekari aðgerðir.
  - 16) Í ákvörðun (SSUÖ) 2024/577 er tilgreint að viðskipti varðandi stjórnun efnahagsreikninga, sem tengjast eignum og varasjóðum Seðlabanka Rússlands eða sem tengjast eignum og varasjóðum lögaðila, rekstrarreiningar eða stofnunar sem kemur fram fyrir hönd eða starfar eftir fyrirmælum Seðlabanka Rússlands, s.s. ríkisauðlegðarsjóðs Rússlands (e. Russian National Wealth Fund), falla ekki undir gildissvið bannsins við viðskiptum sem gildir frá 28. febrúar 2022. Þau viðskipti varðandi stjórnun efnahagsreikninga sem enn eru heimil tengjast einkum endurfjárfestingu reiðufjárstaðna, sem safnast upp vegna kyrrsetningar arðmiða eða arð- og innlausnargreiðslna og gjaldfallinna innlána, í samræmi við varfærna fjárfestingarstefnu og gildandi kröfur samkvæmt lögum.
  - 17) Önnur viðskipti, einkum beinar eða óbeinar millifærslur til eða í þágu Seðlabanka Rússlands, eða til eða í þágu lögaðila, rekstrarreiningar eða stofnunar sem kemur fram fyrir hönd eða starfar eftir fyrirmælum Seðlabanka Rússlands, s.s. ríkisauðlegðarsjóðs Rússlands, ættu áfram að vera bönnuð.
  - 18) Bannið við öðrum slíkum viðskiptum skapar óvenjulega og óvænta uppsöfnun á reiðufjárstöðum á efnahagsreikningi verðbréfamiðstöðva í skilningi reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 909/2014<sup>(7)</sup> sem gegna lykilstöðu í uppgjöri og miðlægrri vörslu fjármálagerninga í Sambandinu. Uppsöfnunin verður vegna kyrrsetningar eigna og varasjóða Seðlabanka Rússlands, eða lögaðila, rekstrarreiningar eða stofnunar sem kemur fram fyrir hönd eða starfar eftir fyrirmælum Seðlabanka Rússlands, s.s. ríkisauðlegðarsjóðs Rússlands, vegna þess að allar greiðslur af höfuðstól og vöxtum, arðmiðum, arðgreiðslum eða öðrum tekjum af verðbréfum til Seðlabanka Rússlands og þessara aðila, rekstrarreininga og stofnana eru bannaðar.
  - 19) Staða verðbréfamiðstöðva er sérstök, og frábrugðin stöðu annarra fjármálastofnana þar sem reiðufjárstöður verðbréfamiðstöðva eða viðskiptavina þeirra eru venjulega yfurfærðar úr verðbréfamiðstöðvunum fyrir lok dags og skila engri þóknun til viðskiptavinanna. Verðbréfamiðstöðvar þurfa svo að stýra af varfærni reiðufjárstöðum í vörslu þeirra í tengslum við eignir Seðlabanka Rússlands, eða lögaðila, rekstrarreiningar eða stofnunar sem kemur fram fyrir hönd eða starfar eftir fyrirmælum Seðlabanka Rússlands, s.s. ríkisauðlegðarsjóðs Rússlands, sem safnast upp vegna þvingunaraðgerða. Þetta leiðir til óvæntra og óreglulegra tekna.
  - 20) Óvæntar og óreglulegar tekjur sem þessi reglugerð tekur til þurfa ekki að vera aðgengilegar Seðlabanka Rússlands samkvæmt gildandi reglum, jafnvel eftir að viðskiptabanninu hefur verið aflétt. Þær eru þannig ekki ríkiseignir. Reglurnar sem vernda ríkiseignir gilda því ekki um þessar tekjur.
  - 21) Jafnframt geta verðbréfamiðstöðvar ekki vænst þess að hafa af þeim ótilhlýðilegan og ótilætlaðan efnahagslegan ávinning þar eð þessar óvæntu og óreglulegu tekjur verða óhjákvæmilega til við framkvæmd þvingunaraðgerða, einkum bannsins sem mælt er fyrir um í 4. mgr. 1. gr. a í ákvörðun 2014/512/SSUÖ og 4. mgr. 5. gr. a í reglugerð (ESB) nr. 833/2014. Á grundvelli þess lögmæta markmiðs að vinna að markmiðum sameiginlegu utanríkis- og öryggismálastefnunnar, einkum með því að styrkja og styðja við lýðræði, réttarríkið, mannréttindi og meginreglur þjóðaréttar, þ.m.t. alþjóðlegan mannúðarrétt, að varðveita frið, koma í veg fyrir átök og efla alþjóðaöryggi og vernda óbreytta borgara, ásamt því að aðstoða borgara sem standa frammi fyrir hamförum eða stóráföllum af mannavöldum, er því víðeigandi og nauðsynlegt að tryggja að óvæntur og óvenjulegur hagnaður verðbréfamiðstöðva, sem safnast upp á tímabilinu frá gildistöku þessarar ákvörðunar og þar til tímabundnum þvingunaraðgerðum varðandi eignir og varasjóði Seðlabanka Rússlands verður aflétt, komi Úkraínu til góða. Með ráðstöfunum samkvæmt þessari reglugerð er enn fremur komist hjá því að leggja óhóflega byrði á verðbréfamiðstöðvar. Þar eð þessar ráðstafanir eru réttlætlanlegar og í réttu hlutfalli við þau markmið sem stefnt er að, eru þannig virt að fullu þau grundvallarréttindi og það frelsi sem viðurkennt er í sáttmálanum um grundvallarréttindi, einkum 17. og 52. gr.
  - 22) Með ákvörðun (SSUÖ) 2024/577 voru því innleiddar viðbóttaráðstafanir varðandi þessar óvæntu og óreglulegu tekjur, í fullu samræmi við alþjóðalög og lög Sambandsins. Þessar viðbóttaráðstafanir ættu að endurspeglast í þessari reglugerð. Í samræmi við meginregluna um réttarvissu ættu þær að koma til framkvæmda frá og með gildistökudegi þessarar reglugerðar. Markmiðið með viðbóttaráðstöfununum ætti að

lokum að vera að styðja við Úkraínu og endurreisn hennar og uppbyggingu, einkum með sérstökum Úkraínusjóði í framtíðinni sem framkvæmdastjórnin leggur til<sup>(8)</sup>, í samræmi við markmiðin með þeim og reglugerð (ESB) nr. 833/2014 og í samræmi við tilgang þvingunaraðgerðanna og markmið sameiginlegrar stefnu Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum, þ.m.t. einkum markmiðið um að varðveita frið, koma í veg fyrir átök og efla alþjóðlegt öryggi og vernda óbreytta borgara og aðstoða íbúa, lönd og svæði sem standa frammi fyrir hamförum af mannavöldum, s.s. þeim sem árásarstríð Rússlands hefur valdið Úkraínu og íbúum þar.

- 23) Ekki væri réttlætlegt að leggja slíkar viðbótarráðstafanir á verðbréfamiðstöðvar sem hafa í vörslu sinni afar lítið magn eigna og varasjóða Seðlabanka Rússlands, eða lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar sem kemur fram fyrir hönd eða starfar eftir fyrirmælum Seðlabanka Rússlands, s.s. ríkisauðlegðarsjóðs Rússlands. Það myndi skapa óhóflegt rekstrarlegt álag á þessar verðbréfamiðstöðvar þar sem fjárhæðirnar sem hægt væri að innheimta væru afar lágar. Viðbótarráðstafanirnar ættu því eingöngu að gilda um verðbréfamiðstöðvar sem hafa í vörslu sinni slíka varasjóði og eignir að heildarverðmæti yfir einni milljón evra.
- 24) Þessar verðbréfamiðstöðvar ættu að byrja á að halda bókhald yfir og stýra slíkum óreglulegum reiðufjárstöðum, sem safnast upp vegna kyrrsetningar eigna og varasjóða Seðlabanka Rússlands, aðskilið frá annarri starfsemi sinni og þær ættu einnig að aðgreina þær tekjur sem af þeim myndast frá öðrum tekjum.
- 25) Einnig ætti að banna verðbréfamiðstöðvum að ráðstafa hreinum hagnaði sem af þeim leiðir, eins og ákvarðað er í samræmi við landslög, eftir að hafa dregið frá fyrirtækjaskatt samkvæmt almennum reglum í hlutaðeigandi aðildarríki, hvort sem það er með úthlutun í formi arðgreiðslna eða í hvaða formi sem er til hagsbóta fyrir hluthafa eða þriðja aðila. Sérhverri verðbréfamiðstöð er heimilt, þar til ráðið hefur tekið ákvörðunina sem um getur í 26. forsendu og í ljósi þeirrar áhættu og þess kostnaðar sem tengist vörslu eigna og varasjóða Seðlabanka Rússlands, að fara fram á að eftirlitsyfirvald hennar heimili að hluti af þessum hreina hagnaði verði innleystur til þess að geta farið að kröfum um lögbundið eigið fé og áhættustýringu.
- 26) Eftir þetta ætti ráðið að geta ákveðið hvernig beina ætti þessum hreina hagnaði til stuðnings við Úkraínu, endurreisn hennar og uppbyggingu, í samræmi við gildandi samningsbundnar skyldur og í samræmi við lög Sambandsins og alþjóðalög, í samvinnu við samstarfsaðila. Í því samhengi og í ljósi áhættu og kostnaðar sem tengist vörslu eigna og varasjóða Seðlabanka Rússlands ætti ráðið einnig að ákveða upphæð þess hreina hagnaðar sem verðbréfamiðstöðvar ættu að geta haldið eftir til bráðabirgða til þess að uppfylla kröfurnar um lögbóðið eigið fé og áhættustýringu. Í því skyni ættu æðsti fulltrúinn og framkvæmdastjórnin að leggja tímanlega fram tillögu til að fylgja aðgerðum Sambandsins til stuðnings Úkraínu. Við undirbúning þeirrar tillögu er þess vænst að æðsti fulltrúinn og framkvæmdastjórnin hafi samráð við viðeigandi hagsmunaaðila, einkum Seðlabanka Evrópu.
- 27) Verðbréfamiðstöðvarnar ættu að gefa framkvæmdastjórninni og lögbærum innlendum stjórnvöldum sínum skýrslu árlega um fjárhæð reiðufjárstaðna og hreinan hagnað sem safnast hefur upp vegna kyrrsetningar eigna og varasjóða Seðlabanka Rússlands, eða lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar sem kemur fram fyrir hönd eða starfar eftir fyrirmælum Seðlabanka Rússlands, s.s. ríkisauðlegðarsjóðs Rússlands, og um heildarfjárhæð tekna sem myndast á þeim grundvelli.
- 28) Framkvæmdastjórnin ætti að hafa heimild til að samþykkja reglugerðir með framkvæmdargerðum, þar sem sett er fram sérstakt fyrirkomulag varðandi skýrslugjöf sem verðbréfamiðstöðvar þurfa að framfylgja. Framkvæmdastjórnin ætti að hafa samráð við lögbær innlend stjórnvöld í því skyni.
- 29) Þessar aðgerðir falla undir gildissvið sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins. Því er lagasetning á vettvangi Sambandsins nauðsynleg, einkum til að tryggj sé að þeim verði beitt með sama hætti í öllum aðildarríkjunum.
- 30) Því ætti að breyta reglugerð (ESB) nr. 833/2014 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*I. gr.*

Eftirfarandi málsgreinar bætast við í 5. gr. a í reglugerð (ESB) nr. 833/2014:

„7. Ákvæði 4. mgr. gilda ekki um viðskipti varðandi stjórnun efnahagsreikninga sem tengjast eignum og vara sjóðum Seðlabanka Rússlands eða tengjast eignum og varasjóðum lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar sem kemur fram fyrir hönd eða starfar eftir fyrirmælum Seðlabanka Rússlands, s.s. ríkisauðlegðarsjóðs Rússlands, sem fara fram 28. febrúar 2022 eða síðar.

8. Frá og með 15. febrúar 2024 og á meðan þvingunaraðgerðunum sem settar eru fram í 4. mgr. er viðhaldið skulu verðbréfamiðstöðvar í skilningi reglugerðar (ESB) nr. 909/2014, sem hafa í vörslu sinni

eignir og varasjóði er um getur í 4. mgr. þessarar greinar, að heildarverðmæti yfir einni milljón evra, beita eftirfarandi reglum varðandi reiðufjárstöður sem safnast upp eingöngu vegna þvingunaraðgerðanna:

- a) þessar innstæður skulu færðar sérstaklega til bókar,
- b) tekjur sem safnast upp eða myndast vegna reiðufjárstaðanna sem um getur í a-lið frá 15. febrúar 2024 skulu skráðar sérstaklega í reikningsskilum verðbréfamiðstöðva,
- c) hreinum hagnaði sem er ákvarðaður að því er varðar tekjur sem um getur í b-lið í samræmi við landslög, þ.m.t. með því að draga frá öll viðkomandi útgjöld sem tengjast eða leiða af stýringu kyrrsettu eignanna og áhættustýringu í tengslum við þær, og að frádregnum fyrirtækjaskatti samkvæmt almennum reglum hlutaðeigandi aðildarríkis, má ekki ráðstafa með úthlutun í formi arðgreiðslna eða í hvaða formi sem er til hagsbóta fyrir hluthafa eða þriðja aðila fyrr en ráðið ákveður, í samræmi við tillögu sem lögð er fram á grundvelli 215. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, að koma mögulega á fót fjárframlagi til Sambandsins sem skal aflað með þessum hreina hagnaði til stuðnings Úkraínu, endurreisn hennar og uppbyggingu, ásamt ítarlegu fyrirkomulagi á því og í samræmi við gildandi samningsbundnar skyldur og lög Sambandsins og alþjóðalög. Í því samhengi skal ráðið einnig ákveða þá upphæð sem verðbréfamiðstöðvar geta haldið eftir til bráðabirgða, til viðbótar við að uppfylla kröfum um lögboðið eigið fé og áhættustýringu, án þess að það hafi áhrif á fylgni viðkomandi verðbréfamiðstöðvar við reglurnar sem kveðið er á um í eða samkvæmt lagagerningum Sambandsins, sem gilda um eftirlit með þeim,
- d) þar til ákvörðun ráðsins sem um getur í c-lið hefur verið samþykkt getur sérhver verðbréfamiðstöð farið fram á að eftirlitsyfirvald hennar heimili að hluti þess hreina hagnaðar sem um getur í c-lið verði innleystur til þess að geta farið að kröfum um lögbundið eigið fé og áhættustýringu. Hlutaðeigandi aðildarríki skulu tilkynna framkvæmdastjórninni fyrir fram um sérhverja heimild.

9. Hlutaðeigandi verðbréfamiðstöðvar skulu, eigi síðar en 30. júní ár hvert, senda framkvæmdastjórninni og innlendum eftirlitsyfirvöldum sínum skýrslu um heildarfjárhæð reiðufjárstaðna, tekna og hreins hagnaðar sem um getur í a- til c-lið 8. mgr., eftir því sem við á.

10. Framkvæmdastjórnin skal hafa heimild til að samþykkja reglugerðir með framkvæmdargerðum þar sem sett er fram sérstakt fyrirkomulag við skýrslugjöf að því er varðar tekjur og hagnað sem um getur í 8. mgr.

Í því skyni skal framkvæmdastjórnin hafa samráð við lögbær innlend stjórnvöld.<sup>6</sup>

## 2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 12. febrúar 2024.

Fyrir hönd ráðsins,

forseti.

H. LAHBIB

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L, 2024/577, 14.2.2024, ELI: <http://data.europa.eu/eli/dec/2024/577/oj>.

<sup>(2)</sup> Reglugerð ráðsins (ESB) nr. 833/2014 frá 31. júlí 2014 um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu (Stjtið. ESB L 229, 31.7.2014, bls. 1).

<sup>(3)</sup> Ákvörðun ráðsins 2014/512/SSUÖ frá 31. júlí 2014 um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu (Stjtið. ESB L 229, 31.7.2014, bls. 13).

<sup>(4)</sup> Alþjóðadómstóllinn í Haag, ÚRSKURÐUR frá 16. mars 2022 í máli varðandi ásakanir um þjóðarmorð samkvæmt sáttmálanum um ráðstafanir gegn og refsingar fyrir hópamorð (*Úkraína gegn Rússneska sambandsríkinu*), sjá 74. mgr.

<sup>(5)</sup> Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2022/335 frá 28. febrúar 2022 um breytingu á ákvörðun 2014/512/SSUÖ um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu (Stjtið. ESB L 57, 28.2.2022, bls. 4).

<sup>(6)</sup> Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2022/395 frá 9. mars 2022 um breytingu á ákvörðun 2014/512/SSUÖ um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu (Stjtið. ESB L 81, 9.3.2022, bls. 8).

<sup>(7)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 909/2014 frá 23. júlí 2014 um bætt verðbréfauppgjör í Evrópusambandinu og um verðbréfamiðstöðvar og um breytingu á tilskipunum 98/26/EB og 2014/65/ESB og reglugerð (ESB) nr. 236/2012 (Stjtið. ESB L 257, 28.8.2014, bls. 1).

<sup>(8)</sup> Lagasetningarmeðferð 2023/0200/COD: Tillaga að reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins um að koma á fót Úkraínusjóðnum. Upplýsingar um málsmeðferðina eru aðgengilegar á <https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/HIS/?uri=CELEX:52023PC0338>.

**Fylgiskjal 8.27.****REGLUGERÐ RÁÐSINS (ESB) 2024/745****frá 23. febrúar 2024****um breytingu á reglugerð ESB nr. 833/2014 um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu**

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 215. gr.,

með hliðsjón af ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2024/746 frá 23. febrúar 2024 um breytingu á ákvörðun 2014/512/SSUÖ um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu<sup>(1)</sup>,

með hliðsjón af sameiginlegri tillögu frá æðsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Hinn 31. júlí 2014 samþykkti ráðið reglugerð (ESB) nr. 833/2014<sup>(2)</sup> um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu.
- 2) Með reglugerð (ESB) nr. 833/2014 koma til framkvæmda tilteknar aðgerðir sem kveðið er á um í ákvörðun ráðsins 2014/512/SSUÖ<sup>(3)</sup>.
- 3) Hinn 23. febrúar 2024 samþykkti ráðið ákvörðun (SSUÖ) 2024/746 um breytingu á ákvörðun 2014/512/SSUÖ.
- 4) Með ákvörðun (SSUÖ) 2024/746 er 27 nýjum rekstrareiningum bætt við skrána yfir lögaðila, rekstrareiningar og stofnanir, sem sett er fram í IV. viðauka við ákvörðun 2014/512/SSUÖ, þ.e. skrána yfir aðila, rekstrareiningar og stofnanir sem styðja beint við hergagnaiðnað í Rússlandi í árásarstríði þess gegn Úkraínu, sem eru látnar sæta þengri takmörkunum á útflutningi að því er varðar vörur og tækni með tvíþætt notagildi, sem og vörur og tækni sem kunna að stuðla að tæknilegri eflingu í varnar- og öryggismálum Rússlands. Í ljósi þess lykilhlutverks sem rafeindaíhlutir gegna fyrir hergagnaiðnaðinn í Rússlandi í að styðja við árásarstríðið gegn Úkraínu eru, með ákvörðun (SSUÖ) 2024/746, auk þess færðar á skrána tilteknar rekstrareiningar í öðrum þriðju löndum en Rússlandi sem, með verslun með slíka íhluti, styðja óbeint við hergagnaiðnað í Rússlandi í árásarstríði þess gegn Úkraínu, sem og tilteknar rússneskar rekstrareiningar sem taka þátt í þróun, framleiðslu og afhendingu rafeindaíhluta til hergagnaiðnaðarins í Rússlandi.
- 5) Með ákvörðun (SSUÖ) 2024/746 er aukið við skrána yfir eftirlitsskylda hluti sem stuðla að hernaðarlegri og tæknilegri eflingu Rússlands eða þróun þess á sviði varnarmála og öryggismála með því að bæta við íhlutum til þróunar og framleiðslu á ómönnum loftförum.
- 6) Með ákvörðun (SSUÖ) 2024/746 eru lögð frekari útflutningshöft á vörur sem einkum stuðla að því að auka getu Rússlands á sviði iðnaðar.
- 7) Með ákvörðun (SSUÖ) 2024/746 er aukið við skrána yfir samstarfslönd sem beita röð þvingunaraðgerða varðandi innflutning á járn og stáli og röð ráðstafana vegna eftirlits með innflutningi sem eru í meginatriðum jafngildar ráðstöfunum sem eru settar fram í reglugerð (ESB) nr. 833/2014.
- 8) Þessar aðgerðir falla undir gildissvið sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins og því er lagasetning á vettvangi Sambandsins nauðsynleg, einkum til að tryggja sé að þeim verði beitt með sama hætti í öllum aðildarríkjunum.
- 9) Því ætti að breyta reglugerð (ESB) nr. 833/2014 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Reglugerð (ESB) nr. 833/2014 er breytt sem hér segir:

- 1) Eftirfarandi málsgrein bætist við í 3. gr. k:

„Зач Аð því er varðar vörur sem falla undir SN-númer 8504 10, 8504 21, 8504 22, 8504 23, 8504 31, 8504 40, 8504 50 og 8504 90 gilda bönnin í 1. og 2. mgr. ekki fyrr en 25. maí 2024 um efndir samninga sem gerðir voru fyrir 24. febrúar 2024 eða fylgisamninga sem nauðsynlegir eru vegna framkvæmdar slíkra samninga.“

- 2) Ákvæðum IV. viðauka er breytt í samræmi við I. viðauka við þessa reglugerð.
- 3) Ákvæðum B-hluta VII. viðauka er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.
- 4) Ákvæðum XXIII. viðauka er breytt í samræmi við III. viðauka við þessa reglugerð.
- 5) Ákvæðum XXXVI. viðauka er breytt í samræmi við IV. viðauka við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 23. febrúar 2024.

*Fyrir hönd ráðsins,*

*forseti.*

H. LAHBIB

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L, 2024/746, 23.2.2024, ELI: <http://data.europa.eu/eli/dec/2024/746/oj>.

<sup>(2)</sup> Reglugerð ráðsins (ESB) nr. 833/2014 frá 31. júlí 2014 um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu (Stjtið. ESB L 229, 31.7.2014, bls. 1).

<sup>(3)</sup> Ákvörðun ráðsins 2014/512/SSUÖ frá 31. júlí 2014 um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu (Stjtið. ESB L 229, 31.7.2014, bls. 13).

## VIÐAUKI

[Viðaukar eru birtir á vef Stjórnartíðinda ESB: <http://data.europa.eu/eli/reg/2024/745/oj>.

Listar yfir aðila, hluti, tækni eða annað viðfang þvingunaraðgerða, eru birtir á vef Stjórnartíðinda Evrópusambandsins. Síðari breytingar og uppfærslur viðaukanna öðlast sjálfkrafa gildi við birtingu á þeim vef, sbr. 3. mgr. 6. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða og frystingu fjármuna nr. 68/2023.

Vefur Stjórnartíðinda Evrópusambandsins er hér: <http://eurlex.europa.eu>.

Heildarlisti yfir aðila sem eru háðir frystingu fjármuna er hér: [https://ec.europa.eu/info/business-economy-euro/banking-and-finance/international-relations/restrictive-measures-sanctions\\_en#list.](https://ec.europa.eu/info/business-economy-euro/banking-and-finance/international-relations/restrictive-measures-sanctions_en#list.)